

Nd.

601. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjargjöld á Akureyri.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á það, að Akureyrarkaupstaður fái heimild til þess að leggja á sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins. Svipuð fyrir-mæli fyrir Vestmannaeyjakaupstað er að finna í lögum nr. 40 frá 19. júní 1933, og fyrir Siglufjörð í 10. gr. frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, sem nú liggur fyrir í háttv. efri deild.

Öll þau fyrir-mæli, sem hér að framan eru nefnd, miða í þá átt að afla kaupstöðunum tekna með hækkuðum tollum af aðfluttum og útfluttum vörum, og lendir sá tollur að sjálfsögðu bæði á nauðsynlegum neyztuvörum almennings (matvörum o. fl.), framleiðsluvörum landsmanna (fiski, sild o. fl.) og aðfluttum vörum til útgerðar og iðnaðar (kolum, salti, oliu, sildartunnum, trjávið o. fl.). Gjald þetta gerir því hvorttveggja: að hækka nauðsynjavörur almennings í verði og að leggja nýja tolla á framleiðsluvöru landsmanna, jafnvel sumar þær vörur, sem háttv. Alþingi ætlar nú að létta af tollum (útflutningsgjald af sild, toll af sildartunnum). Álit minni hl. er því það, að frv. gangi í ranga átt og að í því felist óréttlát fjáröflunaraðferð og tollastefna. Samkv. þessu leggur minni hl. til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 27. nóv. 1934.

Stefán Jóh. Stefánsson.